

Fundur Samút 6. febrúar 2023
Fjarfundur á Teams
Kl. 12:00 – 13:00

Mættir eru;
Sveinbjörn Halldórsson
Snorri Ingimarsson
Haukur Eggertsson
Sigríður Arna Arnþórsdóttir
Grétar Ingvarsson
Þórhallur Borgarsson
Karl Ingólfsson
Hafliði Sigtryggur Magnússon
Þórarinn Garðarsson

Dagskrá fundarins;

1. svæðisskipulag sveitarfélaga á suðrhálendinu, SASS
<https://www.sass.is/svaediskipulag-sudurhalendisins/>
2. **Fundur er settur og eina mál fundarins tekið fyrir:** svæðisskipulag sveitarfélaga á suðrhálendinu, SASS

Við byrjuðum að ræða svæðisskipulag sveitarfélaga á síðasta fundi sem haldin var 1.feb s.l. og höldum þeirri umræðu áfram nú. Eins og fram kom á síðasta fundi er þetta tillaga til kynningar og er frestur til að skila inn athugasemdum 12. Febrúar n.k.

Eins og á fyrri fundi eru fundarmenn með miklar athugasemdir við þetta svæðisskipulag og nefna ýmsar ástæður fyrir því, ein þeirra er sú að búast má við því að önnur sveitarfélög fari í kjölfar þessara og hefji skipulagsvinnu á hálendinu í þeirra nærumhverfi þó um þjóðlendu sé að ræða.

Kyrrlát svæði fá heilmikla umræðu sérstaklega vegna þess að mönnum þykir ekki þurfa þess að nefna sérstaklega kyrrlát svæði á hálendinu. Kyrrðin á jú heima þar nú þegar. Sú athugasemd fær umræðu hvort „kyrrðin“ eigi mögulega að vera söluvara fyrir ferðamenn.

Snorri bendir á að aðaláherslan hjá okkur ætti að vera í fyrsta lagi á uppbyggingu vega, öðru lagi á kyrrlátu svæðin og þriðja lagi á greininguna á verndargildin en þar fer jökulhettan í efsta gildi. Hann bendir jafnframt á að Setrið, skáli 4x4 er ekki nefnt þegar fjallað er um fjallasel eða aðra skála í skýrslunni. Varðandi vegi þá þykir okkur sérstakt að á stofnvegum á að leyfa 70 til 90 km hámarkshraða, einkenni hálendis hefur alltaf verið að menn fara frekar hægt yfir nú er eins verið sé að láglandisvæða hálendið, bæði með vegagerð og þjónustuuppbyggingu.

Vakinn er athygli á þeirri bílastæðapörf sem mun myndast t.d. við Kerlingafjöll þegar vegir verða orðnir svo góðir að menn geta rennt þetta á skothraða. Þá þarf að auka við bílastæðin og hvar á að taka landsvæði til þess?

Niðurstaða þessarar umræðu er sú að fundurinn ákveður að senda fulltrúa sína á fund sem verður haldinn á Selfossi 8. Febrúar n.k. þar sem SASS og EFLA ætlar að kynna þessa skýrslu, Samút ætlar að senda bréf á SASS og kanna hvort við megum vera með ræðumann þar. Fundurinn tilnefnir Karl Ingólfsson sem ræðumann ef þetta verður samþykkt.

Aukadagskrárliður, Sveinbjörn ber upp erindi sem Anna Dóra Sæþórsdóttir kom á framfæri við hann varðandi Almennaréttinn. Hún stendur fyrir rannsókn á almennaréttinum og óskar eftir stuðningi Samút í formi yfirlýsingar frá stjórninni. Tillaga kemur fram um að fá hana á fund áður en ákveðin afstaða er tekin en flestir eru þó jákvæðir í þessu máli enda almennarétturinn Samút sérlega mikilvægur. Sú tillaga er samþykkt og ætlar Sveinbjörn að tala við Önnu Dóru um það.

Skráð af bestu vitund og minni

7. feb 2023

Sigríður Arna Arnþórsdóttir